



## 1. Í bakaríinu



H2.51

Yelena fór í bakarí í gær og keypti ýmislegt gott. Hún talaði lengi við afgreiðslukonuna. Þegar hún ætlaði að borga, opnaði hún töskuna sína....en hvað var nú þetta? Veskið var ekki í töskunni! Hún brosti vandræðalega til afgreiðslukonunnar ...



## 1.1 Hlustaðu á samtalið og merktu við rétt svör



H2.52

## 1. Afgreiðslukonan sagði:

- a. Það er gott veður í dag.
- b. Það er gluggaveður í dag.
- c. Það er vont veður í dag.

## 2. Yelena vildi kaupa:

- a. Snúð með glassúr, heilhveitibrauð og tvær rjómbollar.
- b. Snúð með súkkulaði, sólkjarnabrauð og kringlur.
- c. Snúð með súkkulaði, hunangsstykki og kringlur.

## 3. Hvað smakkaði Yelena?

- a. Glænýtt rúgbrauð.
- b. Glænýtt sólkjarnabrauð.
- c. Glænýtt þriggja korna brauð.

## 4. Hvaða kostaði þetta allt saman?

- a. 1950 krónur.
- b. 940 krónur.
- c. 950 krónur.

## 5. Hvar var veskið hennar Yelenu?

- a. Hún týndi því í strætó.
- b. Það var í töskunni.
- c. Hún gleymdi því heima.

## 1.2 Skoðaðu textann um Yelenu og skrifaðu rétt orð í eyðurnar



smakkaði ætlaði kostaði var fór opnaði

Yelena \_\_\_\_\_ *fór* \_\_\_\_\_ í bakarí í gær. Hún \_\_\_\_\_ að kaupa snúð, brauð og kringlur. Hún \_\_\_\_\_ líka rúgbrauð. Þetta \_\_\_\_\_ allt saman um 1000 krónur. Hún \_\_\_\_\_ töskuna sína en veskið \_\_\_\_\_ ekki þar.

brosti sagði gleymdi keypti sagði var

Yelena \_\_\_\_\_ lengi í bakaríinu í gær. Hún \_\_\_\_\_ ýmislegt gott. Hún \_\_\_\_\_ við afgreiðslukonuna: „Ég \_\_\_\_\_ veskinu mínu heima“. Afgreiðslukonan \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ „allt í lagi“.

## 2. Að týna og gleyma



H2.53

Ulrika: Ég finn ekki lyklana mína. Ég týndi þeim í gær!

Peter: Ég er með lyklana! Ég reyndi að hringja í þig í gær, en þú svaraðir ekki. Týndir þú símanum þínum líka?

Ulrika: Nei, en ég gleymdi símanum heima.



lyklar



húfa

### Ég finn ekki ...

símann minn.

húfunu mína.

veskið mitt.

úrið mitt.

lyklana mína.

hanskana mína.

gleraugun mín.

### Ég týndi/ég gleymdi ...

símanum mínum.

húfunni minni.

veskinu mínu.

úrinu mínu.

lyklunum mínum.

hönskunum mínum.

gleraugunum mínum.



úr



hanskar



sími



veski



gleraugu

## 2.1 Ég finn ekki neitt! Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



Ég finn ekki hanskana mína. Getur þú lánað mér hanska?

Ég finn ekki \_\_\_\_\_. Hvað er klukkan?

Ég finn ekki \_\_\_\_\_. Ég sé ekki neitt!

Ég finn ekki \_\_\_\_\_. Getur þú lánað mér húfu?

Ég finn ekki \_\_\_\_\_. Getur þú borgað fyrir kaffið?

Ég finn ekki \_\_\_\_\_. Má ég hringja hjá þér?

Ég finn ekki \_\_\_\_\_. Má ég fara heim með þér?

## 2.2 Ég týndi og gleymdi öllu!



Mér er kalt á höfðinu. Ég gleymdi húfunni minni.

Mér er kalt á höndunum. Ég gleymdi \_\_\_\_\_.

Ég get ekki opnað dyrnar. Ég týndi \_\_\_\_\_.

Ég get ekki hringt í þig. Ég gleymdi \_\_\_\_\_.

Ég sé ekki vel. Ég gleymdi \_\_\_\_\_.

Getur þú sagt mér hvað klukkan er? Ég týndi \_\_\_\_\_.

Ég get ekki borgað. Ég týndi \_\_\_\_\_.



### 3. Í skólanum



H2.54

Í dag eru fundir í skólanum. Foreldrar koma í skólann til að tala við kennarann um börnin sín. Anna og Roberto eiga tvö börn í Trönuberjaskóla. Þau heita María og Stefano. María er sjö ára en Stefano er þrettán ára. Kennari Maríu heitir Sólveig, en kennari Stefanos heitir Friðrik.



H2.55

- Sólveig: María er góður nemandi og gengur oftast vel að læra.
- Roberto: Hvernig gengur henni að tala íslensku?
- Sólveig: Það gengur ágætlega. Stundum talar hún of mikið og truflar kennsluna!
- Anna: Ég skil! Já, hún er mjög opin og dugleg að tala ...
- Sólveig: Já, mjög dugleg. Hún þarf að lesa heima á hverjum degi.



H2.56

- Friðrik: Stefano þarf að vinna betur í stærðfræði.
- Anna: Nú, finnst þér stærðfræðin erfið Stefano?
- Stefano: Það eru bara svo erfið dæmi!
- Friðrik: Hann getur þetta alveg, þarf bara að vinna betur heima. Þetta er ekki vandamál.



H2.57

- Sólveig: Eru allir krakkarnir vinir?
- María: Nei, Halldór er alltaf að stríða mér og Sigga er leiðinleg.
- Sólveig: Já, en þú átt góða vinkonu í bekknum, er það ekki?
- María: Jú, Katla er besta vinkona mín.


<b>Hvernig gengur</b> í skólanum? að læra íslensku? í vinnunni?	<b>Það gengur</b> vel. ágætlega. sæmilega. illa.
Hvernig gengur <b>þér?</b> <b>honum?</b> <b>henni?</b>	<b>Mér</b> gengur vel. <b>Honum</b> gengur sæmilega. <b>Henni</b> gengur illa.

### 3.1 Spyrjið og svarið



- Hvernig gengur Maríu að tala íslensku? *Henni gengur ...*
- Hvenær þarf María að lesa heima?
- Hvernig gengur Stefano í stærðfræði? *Honum gengur ...*
- Hver er að stríða Maríu í skólanum?

## 4. Í búðinni



### 4.1 Hlustaðu á samtalið og skrifaðu orðin sem vantar



H2.58

Starfsmaður

í kjöti og fiski: Get ég \_\_\_\_\_ þig?

Anna: Já, ég ætla að fá nautahakk, 700 grömm, takk.

Starfsmaður: Eitthvað \_\_\_\_\_?


Anna: Hvað kosta \_\_\_\_\_?

Starfsmaður: Þær \_\_\_\_\_ 920 krónur kílóíð.

Anna: Ég ætla að fá átta fiskibollur og svo eitt lambalæri. Við ætlum að \_\_\_\_\_ um helgina! Grillað læri er upphaldsmaturinn minn.

*Hvað kaupir þú úr kjötborði?*

## 4.2 Hvað ætlar þú að hafa í matinn um helgina? Skrifaðu innkaupalista



## 5. Að kaupa skó og fót

### 5.1 Í skóbúð



H2.59

- Afgreiðslukona: Get ég aðstoðað þig?
- Róbert: Nei, ég er bara að skoða.
- Róbert: Má ég máta þessa skó?
- Afgreiðslukona: Já, gerðu svo vel, er þetta rétta stærðin?
- Róbert: Nei, ég þarf númer 45. Áttu það?
- Afgreiðslukona: Bíddu, ég ætla að gá. .... Gerðu svo vel.
- Afgreiðslukona: Hvernig gengur?
- Róbert: Bara vel, mér finnst þeir fínir!  
Ég ætla að fá þá!




### 5.2 Spyrjið og svarið



1. Í hvernig búð var Róbert?
2. Hvað ætlaði Róbert að gera í búðinni?
3. Hvaða númer af skóm mátaði hann?
4. Keypti Róbert skóna?



### 5.3 Í fatabúð



#### Hvað er hægt að segja í fataverslun?

##### - Afgreiðslumaður -

Get ég aðstoðað?  
Gerðu svo vel.  
Nei, því miður ... Já, augnablik.  
Já, alveg sjálfsagt.  
Við erum með mjög gott verð.  
Útsalan byrjar í næstu viku.  
Þetta er gott merki.  
Hvaða stærð notarðu?

##### - Viðskiptavinur -

Ég er bara að skoða.  
Ég er að leita að buxum ...  
Er þetta til í stærð 18?  
Áttu þetta til í rauðu, bláu, svörtu ...?  
Geturðu aðstoðað mig?  
Má ég máta þetta?  
Hvað kostar þetta?  
Er útsala hjá ykkur?

### 5.4 Vinnið 2-3 saman.



Búið til samtal í skóabúð eða fataverslun og leikið fyrir bekkinn

---

---

---

---

---

---

## 5.5 Tölum saman!



- a) Hvernig gengur að læra íslensku?
- b) Ferðu stundum í bakarí?
- c) Hvað kaupir þú venjulega í bakarí?
- d) Borðar þú kjöt?
- e) Hvað borðaðir þú í kvöldmat í gærkvöldi?
- f) Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?
- g) Finnst þér gaman að fara í skóbúð?
- h) Hvaða skónúmer notar þú?
- i) Finnst þér gaman að kaupa föt?
- j) Hvar keyptir þú föt síðast?




## 6. Á verkstæði



H2.60

- Martin: Góðan daginn. Ég þarf að láta kíkja á bílinn.
- Bifvélavirki: Daginn. Hvað er vandamálið?
- Martin: Ég er á leiðinni í fjallaferð en það er eitthvað skrítið hljóð í vélinni. Getið þið athugað það fyrir mig?
- Bifvélavirki: Já, sjálfsagt – komdu með hann inn á viðgerðarsvæðið.

Að gera við bíl.  
Að skipta um dekk.  
Að tékka á olíunni.  
Að láta smyrja bílinn.  
Að skipta um framrúðu.  
Að fara með bíl í sprautun.  
Að fara með bíl í skoðun.






## 6.1 Á bensínstöð



H2.61

- Martin: Ég ætla að borga bensín.  
Afgreiðslukona: Á hvaða dælu varstu?  
Martin: Dælu tvö.  
Afgreiðslukona: Eitthvað fleira?  
Martin: Já, ég ætla að fá kók og prins póló.  
Afgreiðslukona: 4.370 krónur. Viltu afritið?  
Martin: Já, takk.

Ég var á dælu  
eitt/tvö/þrjú/fjögur



## 6.2 Hvað þarf að gera við bílinn á myndinni?



- |                                    |                             |                              |                                  |
|------------------------------------|-----------------------------|------------------------------|----------------------------------|
| Þarf að fara með bílinn í viðgerð? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Kannski |
| Þarf að skipta um dekk?            | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Kannski |
| Þarf að kaupa bensín?              | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Kannski |
| Þarf að gera við vélina?           | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Kannski |
| Þarf að skipta um framrúðu?        | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Kannski |
| Þarf að laga bremsurnar?           | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Kannski |
| Þarf að sprauta hann?              | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Kannski |
| Þarf að þvo hann?                  | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Kannski |



### Hvað segir Fríða Frænka?

Allir bílar á Íslandi eiga að fara í skoðun einu sinni á ári.  
Ef bílnúmerið endar á 1 á að skoða bílinn í janúar,  
ef númerið endar á 2 á að skoða hann í febrúar,  
og svo framvegis!

janúar



## 7. Hvað kann ég?



### 7.1 Hvar er fólkíð?

Hlustaðu á samtölin og skrifaðu rétt númer við réttan stað



H2.62-H2.69

\_\_\_ á pósthúsi.    1 í bakaríi.    \_\_\_ á verkstæði.    \_\_\_ í matarbúð.  
\_\_\_ á bensínstöð.    \_\_\_ í fatabúð.    \_\_\_ í skóbúð.    \_\_\_ í skólanum.

### 7.2 Skrifaðu réttar orð í eyðurnar



gleymdi    smakkaði    borgaði    fór    ætlaði    keypti

Ég fór á kaffihús í gær og \_\_\_\_\_ mjög góða köku.

Vinkona mín \_\_\_\_\_ kökuna af því að ég \_\_\_\_\_ veskinu mínu heima!

Róbert \_\_\_\_\_ í skóbúð í síðustu viku og \_\_\_\_\_ gönguskó  
númer 44 af því að hann \_\_\_\_\_ í fjallaferð á bílnum sínum.

### 7.3 Skrifaðu hvað fólkíð er að segja



## 8. Sjálfsmat – Þetta kann ég!



### 1. Ég kann að tala við afgreiðslufólk

- Hvað kostar þetta?       Má ég máta?  
 Ég ætla að fá ...       Ég er bara að skoða.

### 2. Ég skil

- Get ég aðstoðað?       Gerðu svo vel.       Eitthvað fleira?  
 Já, alveg sjálfsgagt.       Já, augnablik.

### 3. Ég kann orðin

- heilhveitibrauð       rúgbrauð       snúðar       rúnnstykki

### 4. Ég kann að segja

- Ég finn ekki       símann minn.       lyklana mína.       veskið mitt.  
Ég týndi       símanum mínum.       lyklunum mínum.       veskinu mínu.

### 5. Ég kann að segja

- Hvernig gengur í skólanum?  
 Hvernig gengur honum/henni að læra íslensku/stærðfræði?  
 Það gengur vel/ágætlega/sæmilega/illa

### 6. Ég kann orð um fisk og kjöt

- Fiskibollur       Hakk       Læri       Grömm       Kíló

### 7. Ég kann orð um föt



jakki



skyrta



peysa



kjóll



pils



buxur



skór

8. Ég kann orð um **bílavíðgerðir**

- að gera við bíl       að skipta um dekk       að fara með bíl í skoðun  
 að láta smyrja bílinn       bremsa       stýri

9. Ég kann að **segja á bensínstöð**

- Ég var á dælu eitt/tvö/þrjú/fjögur

10. Ég kann **að segja**

- að borga – ég borgaði       að opna – ég opnaði       að smakka – ég smakkaði  
 að tala – ég talaði       að ætla – ég ætlaði

11. Hvað **lærði ég fleira** í 6. kafla?

---

---

12. Hvað ætla ég **að nota**?

---

---

13. Hvað þarf ég **að læra betur**?

---

---

## Sagnir – þátíð – regla 1

að hlusta* <sup>1</sup>			
ég	hlusta <b>ði</b>	við	hlustu <b>ðum</b>
þú	hlusta <b>ðir</b>	þið	hlustu <b>ðuð</b>
hann	hlusta <b>ði</b>	þeir	hlustu <b>ðu</b>
hún	hlusta <b>ði</b>	þær	hlustu <b>ðu</b>
það	hlusta <b>ði</b>	þau	hlustu <b>ðu</b>

## Sagnir – þátíð – regla 2

að læra* <sup>2</sup> , að reyna* <sup>2</sup> , að brosa* <sup>2</sup>	
ég lær <b>ði</b> /reyn <b>di</b> /brost <b>i</b>	við lær <b>ðum</b> /reyn <b>dum</b> /brost <b>um</b>
þú lær <b>ðir</b> /reyn <b>dir</b> /brost <b>ir</b>	þið lær <b>ðuð</b> /reyn <b>duð</b> /brost <b>uð</b>
hann/hún/það lær <b>ði</b> /reyn <b>di</b> /brost <b>i</b>	þeir/þær/þau lær <b>ðu</b> /reyn <b>du</b> /brost <b>u</b>

## Skóðuðu stofn sagnarinnar! Reglan er:

+ -ð-
að ger/a → ég ger <b>ði</b>
að horf/a → ég horf <b>ði</b>
að leig-j/a → ég leig <b>ði</b>

+ -d-
að gleym/a → ég gleym <b>di</b>
að reyn/a → ég reyn <b>di</b>
að skil-j/a → ég skil <b>di</b>
að greið*/a → ég greið <b>di</b>
* (ð = dd í þátíð)

+ -t-
að bæt/a → ég bætt <b>i</b>
að brosa → ég brost <b>i</b>
að vak/a → ég vakt <b>i</b>
að æp/a → ég æpt <b>i</b>
að synd*/a → ég synt <b>i</b>
*(d hverfur og verður t)

## Athugaðu!

að hætt/a → ég hæt <b>ti</b> (nt) og ég hæt <b>ti</b> (þt)
<b>tt</b> í stofni = bæði í nútíð og þátíð
að segja → ég sag <b>ði</b> og við sög <b>ðum</b> (þt)
að kaupa → ég keypt <b>i</b> og við keypt <b>um</b> (þt)

## Eignarfornöfn í föllum: eintala og fleirtala

	Karlkyn – kk		Kvenkyn – kvk		Hvorugkyn – hk	
	<i>eintala</i>	<i>fleirtala</i>	<i>eintala</i>	<i>fleirtala</i>	<i>eintala</i>	<i>fleirtala</i>
nefnifall (nf)	minn	mínir	mín	mínar	mitt	mín
þolfall (þf)	minn	mína	mína	mínar	mitt	mín
þágufall (þgf)	mínum	mínum	minni	mínum	mínu	mínum
eignarfall (ef)	míns	minna	minnar	minna	míns	minna

### *að finna + þolfall*

Ég finn ekki	símann <b>minn</b> /hanskana <b>mína</b>	(kk)
	húfuna <b>mína</b> /buxurnar <b>mínar</b>	(kvk)
	veskið <b>mitt</b> /gleraugun <b>mín</b>	(hk)

### *að týna/að gleyma + þágufall*

Ég týndi	símanum <b>mínum</b> /hönskunum <b>mínum</b>	(kk)
Ég gleymdi	húfunni <b>minni</b> /buxunum <b>mínum</b>	(kvk)
	veskinu <b>mínu</b> /gleraugunum <b>mínum</b>	(hk)

## Ópersónuleg sögn - *að ganga vel/illa*

	<b>að ganga</b>	<b>atviksorð</b>	
mér þér honum henni því okkur ykkur þeim	gengur	vel ágætlega sæmilega illa	að læra í skólanum í vinnunni

Spurning	Svar
<b>Hvernig</b> gengur?	<b>Það</b> gengur vel.
<b>Hvernig</b> gengur (þér) í skólanum?	<b>Það</b> gengur ágætlega. <b>Mér</b> gengur mjög vel.

